

Sp.

731. Nefndarálit

[52. mál]

um till. til þál. um vistunarvanda öryrkja.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Tillaga þessi varðar skjóta lausn á vanda örfárra sjúklinga sem eru svo illa á sig komnir andlega og líkamlega vegna slysa eða annarra áfalla að sjúkrastofnanir geta ekki sinnt þeim. Vandí aðstandenda þessara sjúklinga er í öllum tilvikum óbærilegur og heimilislíf jafnvel stefnt í hættu vegna þess álags sem veru sjúklinganna á heimilinu fylgir og áhyggjum um framtíð þeirra.

Meiri hl. nefndarinnar hefur orðið sammála um að afgreiða tillöguna með rökstuddri dagskrá í „trausti þess að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og félagsamálaráðuneytið taki á þessu máli í samræmi við þá samþykkt stjórnarnefndar (um málefni þroskaheftra og öryrkja) að stofna beri sérstaka sjúkradeild til vistunar og þjálfunar þeirra sem vegna slysa hafa fatlast svo andlega að jafna megi til meðfæddrar þroskaskerðingar, að staðið verði við fjárframlag úr Framkvæmdasjóði fatlaðra svo að markmiði ályktunarinnar verði náð á þessu ári...“ Í bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til nefndarinnar kemur fram að fulltrúi þess í stjórnarnefndinni bar tillöguna fram, og segir í bréfi ráðuneytisins að ályktunin hafi verið send því og þar með verði að telja að stjórnvöld hafi þegar tekið á þessu vandamáli og að lausn þess sé í sjónmáli.

Minni hl. nefndarinnar er þessu ósammála og hafnar þessari afgreiðslu. Í greinargerð með áður nefndri samþykkt stjórnarnefndarinnar kemur fram að hún telur æskilegt að umrædd sjúkradeild verði stofnuð við Kópavogshælið og þar yrði gert ráð fyrir vistun 6—10 sjúklinga, en 10 vistmenn hælisisins yrðu þess í stað vistaðir á sambýlum. Minni hl. telur fráleitt að vista þessa sjúklinga á Kópavogshælinu og bendir á hversu mjög sú ráðstöfun bryti í bága við þá stefnu sem löggjafinn hefur markað varðandi málefni þroskaheftra á undanförunum árum. En auk þess er hér um óraunhæfa lausn að ræða þar sem Kópavogshælið er yfirfullt og stefnt að því að fækka þar vistmönnum og engar horfur á að

sambýlisrými verði fánlegt fyrir þessa 10 vistmenn á þessu ári. Framlögum úr Framkvæmdasjóði fatlaðra hefur verið úthlutað fyrir árið 1984 og ekkert fé þar eftir. Markmið þingsályktunartillögunnar verður því ekki náð á þennan hátt á þessu ári.

Minni hl. nefndarinnar er fullljóst að með þeim niðurskurði, sem stjórnvöld hafa gert á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra um tugi milljóna á þessu ári, er allt fé hans bundið í verkefnum um land allt sem nú er unnið að og byrjað var á í trausti þess að framlög yrðu veitt skv. lögum um málefni fatlaðra. Til þess að leysa vanda þessara fáeinu sjúklinga nú þegar þarf sérstök fjárframlög á þessu ári, fyrst og fremst í því skyni að stofna slíka deild innan Borgarspítalans í Reykjavík eða annarra endurhæfingarstöðva fatlaðra á Reykjavíkursvæðinu. Landssamtökin Þroskahjálp hafa lýst sig samþykkt þessu sjónarmiði en í umsögn þeirra um þáttill. segir svo:

„Stjórn Landssamtakanna Þroskahjálpar telur heppilegast að leysa vanda þessa fólks með því að koma upp sérstakri deild í nágrenni og tengslum við stofnun sem þegar sinnir endurhæfingu og hjúkrun, auk þess að efla stuðning við hjúkrun og endurhæfingu í heimabyggð þeirra sem í hlut eiga.“

Í umsögn dr. med. Ásgeirs B. Ellertssonar segir einnig svo:

„Ég hallast helst að því að viðkomandi einstaklingar fái þá hjúkrun, sem með þarf, í heimabyggð á hjúkrunarheimilum, hjúkrunardeildum eða sjúkradeildum svæðissjúkrahúsa. Með þessu móti varðveitast best fjölskyldu-, vináttu- og önnur félagsleg tengsl viðkomandi einstaklinga og blöndun við aðra sjúklingahópa verður eðlileg. Hjúkrunarþyngd þessa fólks er mikil en dreifist á fleiri hendur með þessu fyrirkomulagi.“

Minni hl. telur að þetta sé unnt að gera á skömmum tíma ef vilji hins háa Alþingis er ljós, og sættir sig ekki við óljós loford um sjóðsfé, sem ekki er til, og lausnir sem brjóta í bága við markaða stefnu í velferðarmálum fatlaðra. Hann leggur því til að þingsályktunartilagan verði samþykkt.

Alþingi, 3. maí 1984.

Guðrún Helgadóttir,
frsm.

Jóhanna Sigurðardóttir.